

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. október 2022

Mál nr. E-7614/2020:

**Karl Róbert Þórhallsson og
Jóhanna Elín Halldórsdóttir**
(*Steinbergur Finnbogason lögmaður*)

gegn

Húsasmiðjunni ehf.
(*Smári Hilmarsson lögmaður*)

Hömlum ehf.
(*Smári Hilmarsson lögmaður*)

og **Ideal Combi A/S**
(*Hannes J. Hafstein lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, 13. september sl., var höfðað með stefnu, birtri 17. nóvember 2020, af stefnendum Karli Róbert Þórhallssyni og Jóhönnu Elínu Halldórsdóttur, bæði til heimilis að [...], gegn stefndu, Húsasmiðjunni ehf., [...], Holtavegi 10 ehf., [...], og Ideal Combi A/S, [...].

Geta ber þess að stefndi Hömlur ehf. hefur nú tekið við aðild í málinu af Holtavegi 10 ehf., eftir yfirtöku þess félags, og sætir það ekki athugasemdum annarra málsaðila.

Stefnendur gera þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum óskipt (*in solidum*) skaðabætur að fjárhæð 8.520.225 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 5. maí 2017 til 30. september 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndu verði gert að greiða óskipt málskostnað stefnenda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi, Húsasmiðjan ehf., gerir kröfu um sýknu af dómkröfum stefnenda, sem og að stefnendum verði gert að greiða þeim stefnda málskostnað.

Stefndi, Hömlur ehf., gerir kröfu um sýknu af dómkröfum stefnenda, sem og að stefnendum verði gert að greiða þeim stefnda málskostnað.

Stefndi, Ideal Combi A/S, krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnenda en til vara lækkunar og að stefnendum verði óskipt gert að greiða þeim stefnda málskostnað.

Ágreiningsefni og málsatvik

Stefnendur eru þinglýstir eigendur fasteignarinnar [...], fnr. [...], en um er að ræða einbýlishús á einni hæð auk rishæðar. Logi Már Einarsson arkitekt hjá Kollgátu-arkitektum sá um hönnun og teikningu aðaltekninga hússins en sértekningar eru frá Verkfræðistofu Njarðvíkur ehf. fyrir utan raflagnateikningar sem eru frá Raftákni ehf. á Akureyri. Samkvæmt samþykktri byggingar- og efnislýsingu arkitekts hússins áttu gluggar þess að vera svokallaðir ál-timburgluggar.

Allt frá því að húsið var byggt þá hafa gluggar og hurðir hússins að mati stefnanda ekki virkað sem skyldi en varan var keypt af stefndu árið 2007. Þá var söluaðili óumdeilt „gamla Húsasmíðjan“, en það félag hét síðar Holtavegur 10 ehf., og rann svo inn í Hömlur ehf. Holtavegur 10 ehf. var með kt. [...] og var rekstraraðili gömlu Húsasmíðjunnar til 31. desember 2011, en er nú Hömlur ehf. með kt. [...] eftir yfirtöku á Holtavegi 10 ehf. Núverandi rekstraraðili Húsasmíðjunnar ehf. er með kt. [...], og hefur reksturinn verið á þeirri kennitölu síðan 1. janúar 2012, en danskt fyrirtæki, Bygma A/S, keypti eignir Holtavegs 10 ehf. af Landsbankanum 31. desember 2011. Skuldir og skyldur gamla félagsins standa enn í gamla félaginu þar sem kaupandinn, Bygma A/S, keypti aðeins eignir félagsins og hóf rekstur á nýrri kennitölu. „Nýja Húsasmíðjan“, þ.e. stefndi Húsasmíðjan ehf., kveðst engu að síður jafnan hafa leitast við að leysa þau mál er eiga uppruna hjá eldra félaginu og hefur ekki vísað frá sér kvörtunum er til féllu á starfstíma Holtavegs 10 ehf., fyrstu árin eftir að Holtavegur 10 ehf. hætti sínum rekstri og hefur reynt að leiðbeina og leysa úr þeim kvörtunum sem upp hafa komið eftir að starfsemi Holtavegs 10 ehf. lauk, en þó að sögn án viðurkenningar á bótaskyldu eða ábyrgð Húsasmíðjunnar ehf. Er því lýst svo að starfsmenn Húsasmíðjunnar ehf. og lögmaður þess hafi reynt að aðstoða stefnendur í máli þessu við að leita lausnar á þeim kvörtunum sem þau hafi sett fram með því að vera milligönguaðilar gagnvart framleiðanda vörunnar, stefnda Ideal Combi A/S. Um sérpantaða innflutta vöru sé hér að ræða frá danska framleiðandanum Ideal Combi A/S, sem er óumdeilt með 10 ára ábyrgð framleiðanda frá því að varan er send frá honum til kaupenda. Gluggarnir og hurðirnar voru sett í húsið í samræmi við leiðbeiningar á verkeikningu arkitekts. Um ísetningu sá verktakinn Tréborg ehf., kt. [...], er var úrskurðað gjaldþrota 3. september 2010 og kemur ekki við sögu.

Fyrir liggur að umræddir gluggar voru pantaðir, af nú Hömlum ehf., fyrir stefnendur árið 2006 og sendir hingað til lands og settir í húsið að [...] í kringum áramót 2006-2007. Stefnendur lýsa því svo að fljótlega eftir að þau fluttu inn í húsið í lok árs 2007 hafi farið að bera á ýmiss konar vandamálum í tengslum við glugga og hurðir. Í stuttu máli lýsti það sér í vatns- og loftleka meðfram gluggum og hurðum. Allt frá þeim tíma kveðast stefnendur hafa verið í stöðugum samskiptum við stefndu. Liggur þó fyrir að þau voru þá jafnan í samskiptum við starfsmenn Húsasmíðjunnar sem sáu svo um öll samskipti við danska framleiðandann, stefnda Ideal Combi A/S.

Stefnendur kvörtuðu yfir galla og gáfu stefndu kost á úrbótum. Alls hafi fjórar tilraunir verið gerðar til úrbóta og lagfæringa, en þær hafi hins vegar engan árangur borið.

Nánar tiltekið hefur atburðarásin verið með eftirfarandi hætti: Í janúar 2008 hafi stefnendur fyrst orðið vör við leka meðfram hurðum. Í kjölfarið hafi þau kannað allar hurðir og glugga hússins og séð þá að það blés inn með þeim öllum auk þess sem þau sáu töluverða vatns- og rakamyndun sem þau töldu að ætti ekki að vera til staðar. Þegar hönd var lögð við gluggana fannst greinilega blástur meðfram gluggalistum. Þá framkvæmdu stefnendur svokallað „sápukúlutrix“, þ.e. settu sápukögg í karma. En á ljósmyndum, teknum 10. október 2009, sjáist greinilega hversu mikill blásturinn sé. Í framhaldinu lögðu stefnendur fram kvörtun til útibús Húsasmiðjunnar á Akureyri. Við fyrstu skoðun var talið líklegt að svokallaðar vindpakkningar hefði vantað í prófílana og að plastrenningar virtust vera of stuttir sem sjá megi á fyrirbyggjandi ljósmyndum. Óskuðu stefndu eftir „Ordre“- og „pos“-númerum á þeim einingum (prófílum) er væru ekki í lagi. Voru þær upplýsingar að sögn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. sendar til framleiðanda, stefnda Ideal Combi A/S, er í framhaldi kom með tillögur að úrbótum.

Eftir þetta var gerð fyrsta tilraun til lagfæringa í samræmi við úrbótarétt stefndu árið 2010. Settar voru vindpakkningar í alla prófíla og skipt um suma plastlista en ekki alla. Þessar tilraunir báru engan árangur en í stað þess versnaði ástandið að mati stefnenda. Í framhaldi var haldið áfram með frekari tilraunir til úrbóta og haustið 2011 voru allir gluggalistar rifnir úr innan frá og svo kíttað meðfram öllum listum í þessari annarri úrbótatilraun. Hafi Húsasmiðjan mælt með þessari aðferð þar sem hún hafi talið hana hafa gefist vel á sams konar gluggum í Reykjavík. Þetta bar þó engan árangur svo sem sjá megi á ljósmyndum sem stefnendur tóku í desember 2011.

Í desember árið 2012 var síðan þriðja tilraun gerð til lagfæringar. Voru þá settar aukapakkningar meðfram öllum gluggum og hurðum. Í fyrstu skánaði ástandið en svo fór það aftur að versna og hafði þær afleiðingar að erfitt reyndist að loka gluggum og dyrum. Í kjölfarið voru pakkningarnar teknar úr enda öll handföng þá farin að liðast í sundur og voru íbúar hússins orðnir smeykir við að loka gluggum og dyrum af þeim sökum. Eftir þetta var ástandið orðið enn verra þar sem nú þurfti að hafa handklæði tiltæk á nokkrum stöðum til að forðast frekara vatnstjón. Það hafi þó ekki dugað til og telja stefnendur að nokkrar skemmdir hafi þegar orðið bæði á gólfefnum og veggjum.

Í janúar 2015 bauðst síðan stefndi Húsasmiðjan ehf. til þess að skipta út nokkrum gluggapóstum í húsinu. Nánar tiltekið þá var boðist til þess að skipta um og setja nýjar einingar í pos 3, 7 og 15, en á þessum tímamarki hafi verið upplýst að Ideal Combi A/S framleiddi ekki lengur eldri gluggaprófíla með dýptinni 122 mm, heldur aðeins nýja útgáfu með dýpt 149 mm og það séu þeir gluggapóstar er stefnendur gátu fengið nýja í pos 3, 7 og 15. Stefnendur höfðu þessu tilboði enda þá aðeins verið að bjóða nýja glugga að hluta sem auk þess væru annarrar tegundar en aðrir gluggar (og hurðir)

í húsinu og litu öðruvísi út. Í kjölfarið hafi lögmenn aðila, Smári Hilmarsson og Steinbergur Finnbogason, verið í reglulegum samskiptum frá maí 2015 og fram til þess að mál þetta var höfðað. Í tölvupóstsamskiptum 1. september 2015 komi fram af hálfu Húsasmiðjunnar ehf. að ef viðurkennt sé að varan sé gölluð þá verði skipt um hana. Einnig að bóúð sé að fá staðfest að hluti glugganna sé ekki í lagi og að bóúð sé að bjóða að skipta þeim út. Standi þá eftir að restin af gluggunum (sem að mati stefndu áttu að vera í lagi „að því er virðist“) verði þá ekki eins og þeir sem skipt verði um.

Þann 25. nóvember 2015 sendi lögmaður stefndu Húsasmiðjunnar ehf. (og Hamla ehf.) nýja tillögu til úrbóta, byggða á verklýsingu frá stefnda Ideal Combi A/S. Eftir að hafa farið yfir þessa nýjustu tillögu til úrbóta með byggingastjóra töldu stefnendur að tillagan fæli í sér ófullnægjandi úrbætur. Í kjölfarið fóru stefnendur fram á það með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 28. október 2016, að dómkvaddur yrði matsmaður til athugunar á því hvort gluggar og hurðir væru haldnar galla og hvert umfang og eðli þeirra væri. Eins var óskað eftir því að gerð yrði grein fyrir því til hvaða orsaka gallarnir yrðu raktir og metið yrði hver kostnaður yrði af því að nema brott gallaða hluti og setja nýja í staðinn og hvað það kostaði að kaupa nýja jafngóða glugga og hurðir og setja í húsið ásamt því að metið yrði hver annar kostnaður yrði. Óskað var þar eftir mati á bæði efnis- og verkkostnaði.

Hinn 2. desember 2016 var Eiríkur Jónsson byggingarverkfræðingur dómkvaddur sem matsmaður samkvæmt matsbeiðninni. Helstu niðurstöður matsgerðar hans voru lagðar fram, 5. maí 2017, þar sem komist var að því að gluggar, hurðastykki og svala-hurðir væru haldin galla. Matsmaður taldi ekki raunhæft að gera aðeins við hluta glugganna/hurðastykkjanna. Orsakir galla væru að hans mati þær að uppbygging gluggakerfisins væri ófullnægjandi og yrði því að telja alla gluggana jafngallaða enda þótt afleiðingarnar væru ekki þær sömu alls staðar. Matsmaður áætlaði hvað viðgerð á göllunum myndi kosta og taldi hann tvær mismunandi aðferðir koma þar til greina. Viðgerðartími væri áætlaður um fimm vikur og taldi matsmaður að stefnendur þyrftu að leggja fram 100 klukkustunda vinnu á framkvæmdatímanum vegna verka sem ekki væru metin í viðgerðaráætlun en kostnaðaráætlunin miðaði við verðlag í apríl 2017.

Í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir sendu stefnendur lögmanni stefndu kröfubréf, dags. 30. ágúst 2017, með kröfu um greiðslu. Brugðust stefndu að endingu við með boðum um úrbætur í tölvupóstsamskiptum á árinu 2018. Í tilboðinu fólst að stefndu myndu gera tilteknar úrbætur á gluggunum og greiða vissan hluta áfallins kostnaðar. Stefnendur gengu að tilboði stefndu um úrbætur þó svo að ekki hafi verið komist að samkomulagi um annan kostnað. Það var svo í maí 2019 sem menn á vegum stefnda Ideal Combi A/S hafi mætt til að framkvæma úrbætur, en engan veginn hafi verið staðið við það sem um hafi verið samið að mati stefnenda og stefndu Húsasmiðjunnar ehf. og Hamla ehf., en um sjónarhorn stefnda Ideal Combi A/S á það er fjallað á eftir.

Er þessu lýst svo af hálfu stefnda Húsasmiðjunnar ehf. að Holtavegur 10 ehf., og í framhaldinu Húsasmiðjan ehf., hafi verið í viðskiptasambandi við Ideal Combi A/S allt þar til upp úr því hafi slitnað árið 2018. Síðla það ár hafi Húsasmiðjan ehf. hætt viðskiptum við Ideal Combi A/S vegna samskiptaerfiðleika og vegna fjölmargra galla sem upp hafi komið í framleiðslu Ideal Combi A/S og erfiðleika við að knýja á um úrbætur á hinni framleiddu vöru af hendi Ideal Combi A/S gagnvart kaupendum vörunnar hérlendis. Lögmaður Húsasmiðjunnar ehf., Smári Hilmarsson, hafi verið í sambandi við forsvarsmenn Ideal Combi A/S vegna þessa máls með það að markmiði að aðstoða stefndu við að leita úrbóta vegna þeirra galla sem upp hafi komið. Með tölvubréfi, dags. 9. febrúar 2018, er Mikael Søggaard, framkvæmdastjóri Ideal Combi A/S, hafi sent til Húsasmiðjunnar hafi hann upplýst að starfsmenn á vegum þess myndu koma til Íslands á vormánuðum 2018 og framkvæma úrbætur og lagfæringar sem hann hafi listað upp í átta liðum og sent í viðhengi með tölvupóstinum. Þessum samskiptum hafi verið komið áfram til lögmanns stefnenda. Í framhaldinu hafi svo framkvæmdastjóri stefnda Ideal Combi A/S verið í samskiptum 7. maí 2018 varðandi þrjár gluggaeiningar sem fram komi að Ideal Combi A/S væri búið að framleiða og skipt yrði út og að þær yrðu sendar til landsins. Starfsmenn á vegum Ideal Combi A/S hafi síðan loks mætt á heimili stefnenda í maí 2019 en einhverra hluta vegna hafi þeir horfið af vettvangi án þess að skipta út þeim einingum sem Ideal Combi A/S hafði framleitt og skipta átti út. Ekki var heldur farið yfir aðra glugga hússins og framkvæmt það sem fram kom á því skjali sem framkvæmdastjóri Ideal Combi A/S hafi upplýst að gert yrði, sbr. fyrirliggjandi tölvupóst. Þá framkvæmdastjórinn hafi verið inntur skýringa á þessu hafi því verið borið við að gluggunum hafi ekki verið haldið við eins og þyrfti og því hefðu starfsmenn Ideal Combi A/S hætt við að framkvæma það sem lofað hefði verið að gera. Hafi þessu verið mótmælt af hálfu stefnenda. Engar skýringar hafi komið frá Ideal Combi A/S hvað varðar umskiptin og ætlaðar vanefndir á loforði þess um að framkvæma þá vinnu sem lofað hafði verið að framkvæma. Stefndi Húsasmiðjan hafi sérstaklega kvartað yfir þessum vinnubrögðum við stefnda Ideal Combi A/S haustið 2019, en Ideal Combi A/S sem fyrr segir þá vísað til þess að viðhald á gluggunum hefði ekki verið fullnægjandi hjá stefnendum.

Þessi afstaða stefnda Ideal Combi A/S sé að mati stefnenda þvert á niðurstöðu matsgerðar um sannaða galla á hinu selda og að svo komnu máli hafi stefnendum því verið sá einn kostur fær að höfða mál á hendur öllum stefndu og krefjast skaðabóta.

Stefndi Ideal Combi A/S gerir í málinu nokkrar athugasemdir við framangreinda málavaxtalýsingu stefnenda, sem og annarra stefndu í málinu, er hann telur að hafi að geyma rangfærslur og sleppi auk þess mikilvægum þáttum er varði efnisatriði málsins. Í stefnu sé þannig ranglega staðhæft að stefnendur hafi verið í stöðugum samskiptum við stefnda Ideal Combi allt frá árinu 2007. Af gögnum megi ráða að stefnendur hafi

verið í óreglulegu sambandi við Húsasmiðjuna en Ideal Combi haft takmarkaðar upplýsingar um þær kvartanir þeirra og aldrei verið í beinu sambandi við stefnendur.

Leggur stefndi Ideal Combi A/S sérstaka áherslu á það í málinu að í framhaldi af kvörtunum stefnenda til Húsasmiðjunnar og til lausnar málsins þá hafi stefndi Ideal Combi A/S, 9. febrúar 2018, lagt fram tillögu til sátta. Hafi tillagan falist í því að skipt yrði um þrjá ramma (e. sashes) af eldri gerð ásamt því að farið yfir aðra glugga hússins og þeir lagfærðir eftir því sem talið yrði þurfa. Þá myndi sá stefndi greiða, samkvæmt þeirri tillögu til samkomulags um lausn málsins, hluta af lögmannskostnaði stefnenda.

Ideal Combi A/S hafi svo fengið upplýsingar um að þessu tilboði hafi verið tekið af stefnendum og rammur í framhaldi verið framleiddir og sendir til Húsasmiðjunnar sem hafi mótttekið nýju rammanna. Ekki hafi þó komið til þess að viðgerð færi fram þar sem rammarnir hafi svo ekki fundist hjá Húsasmiðjunni þegar til átti að taka ásamt því að stefnendur hafi ekki samþykkt þegar á reyndi að úrbætur færu fram með þeim hætti. Í október 2018 hafi stefndi Ideal Combi A/S síðan fengið staðfestingu á að samkomulag væri í höfn á þeim grunni sem stefndi hafði upphaflega boðið, þó þannig að í stað týndu rammanna yrði skipt um þrjá glugga er yrðu þá af nýrri gerð. Hafi þá orðið samkomulag um að skynsamlegt væri að bíða með viðgerðir þar til veður yrði tryggara um vorið og í framhaldi hafi stefndi greitt hlut í lögmannskostnaði stefnenda.

Ideal Combi A/S hafi gert stefnendum skýrt grein fyrir því að þær einingar sem skipt yrði út yrðu af nýrri tegund, Futura+, og að dýpt rammans á þeim einingum væri 149 mm, ekki 122 mm líkt og í eldri gerð. Hafi það verið samþykkt af hálfu stefnenda. Einnig hafi stefndi gert skýrlega grein fyrir því að undirbúa þyrfti vinnuvæðið áður en lagfæringar gætu átt sér stað en vinna við slíkt væri ekki innifalin í tilboði stefnda.

Í samræmi við þetta samkomulag hafi stefndi Húsasmiðjan ehf. þá um vorið, 2019, pantað hjá stefnda Ideal Combi A/S hinar nýju einingar ásamt því að bætt var síðar við pöntunina nýrri rennihurð er stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi ætlað að standa straum af kostnaði við. Hafi stefndi Ideal Combi A/S þá talið að nú væri kominn grundvöllur til að leysa málið farsællega. Hafi pantaðar einingar verið framleiddar og síðan sendar til Húsasmiðjunnar ásamt því að gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að mannskapur væri til staðar til að framkvæma verkið. Ákveðin hafi verið dagsetning í maí 2019 til framkvæmdanna á fasteign stefnenda.

Starfsmenn á vegum Ideal Combi hafi síðan komið til Akureyrar í maí 2019 til að framkvæma úrbætur í samræmi við samkomulagið. Hafi þá komið í ljós að ekkert hafði verið gert til að undirbúa verksvæði og gluggaop svo að unnt væri að fjarlægja eldri glugga og setja nýja í staðinn. Þá hafi orðið ljóst við skoðun að viðhaldi glugga, sem þá hafi verið orðnir 12-13 ára, hafði verið verulega ábótavant og ekki í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þegar starfsmenn stefnda hugðust engu að síður skipta um þá glugga sem samið hafði verið um höfðu stefnendur breytt afstöðu sinni þannig

að þeir hafi þá neitað viðtöku glugga af nýrri gerð. Hafi því ekki getað komið til þess að skipt yrði um gluggana en engu að síður hafi starfsmenn Ideal Combi A/S yfirfarið aðra glugga í húsnæðinu. Þá hafi komið í ljós við skoðun þeirra að tilraunir til lagfæringa hafi ekki verið í samræmi við leiðbeiningar Ideal Combi A/S. Hafi þær ekki verið framkvæmdar af þeim stefnda og geti hann ekki borið ábyrgð á því verki. Líti stefndi Ideal Combi A/S svo á að hann hafi þegar lagt út í umtalsverðan kostnað til að koma til móts við stefnendur vegna atriða sem hann geti ekki borið ábyrgð á.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur byggja á því að stefndu séu skaðabótaskyldir, *in solidum*, vegna þess fjártjóns sem stefnendur hafi orðið fyrir vegna framangreindra galla. Kaup stefnenda á hinum gölluðu vörum falli undir gildissvið laga um neytendakaup nr. 48/2003 sem og laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Stefnendur beini kröfu sinni að öllum stefndu *in solidum*. Hömlur ehf. hafi selt stefnendum hina gölluðu vöru í gegnum fyrirtækið Húsasmiðjuna, sem á þeim tíma hafi verið rekið af félaginu. Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi tekið yfir rekstur og skyldur áður Holtavegs 10 ehf. og nú Hamla ehf. og hafi komið fram fyrir þeirra hönd í máli þessu. Stefndi Ideal Combi A/S hafi gengist við 10 ára ábyrgð á hinum gölluðu vörum og hafi síðar gert ítrekaðar tilraunir til úrbóta og þannig gengist við ábyrgð sinni í máli þessu. Beri allir stefndu því óskipta ábyrgð.

Stefnendur vísi hér til þess að svalahurð, gluggar og fylgihlutir þeirra séu haldnir galla í skilningi laga um neytendakaup nr. 48/2003, sem og laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Óumdeilt sé að vörurnar hafi verið gallaðar í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 48/2003 og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000, en því til staðfestingar liggja fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns. Í niðurstöðu matsins komi m.a. eftirfarandi fram:

„Matsmaður telur eins og áður er skrifað að allir gluggar og hurðastykki íbúðarhluta hússins séu haldnir göllum sem þurfi að bæta úr nema ÚH1 og ÚH2. Gallarnir eru misalvarlegir og er ekki raunhæft að gera aðeins við hluta glugganna/hurðastykkjanna. Orsakir gallanna eru ekki mistök við smíði einstakra glugga heldur er uppbygging gluggakerfisins ófullnægjandi og verður því að telja alla glugga jafngallaða þó afleiðingarnar séu ekki alveg þær sömu í þeim öllum.“

Stefndu hafi viðurkennt gallana með ítrekuðum tilraunum sínum til úrbóta og í samskiptum þeirra við stefnendur og þar með skyldu sína til greiðslu. Alls hafi verið gerðar fjórar árangurslausar tilraunir af hálfu stefndu til úrbóta, nú síðast sumarið 2019. Með umræddum tilraunum sínum til úrbóta hafi stefndu ítrekað rofið fyrningu á fyrirliggjandi kröfu stefnenda til bóta, sbr. 14. gr., sbr. 20. gr., laga nr. 150/2007.

Stefnendur krefjast greiðslu bóta á grundvelli bótaskyldu stefndu, sbr. 33. gr., sbr. XI. kafla, laga nr. 48/2003, sbr. og 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000. Stefnendur miði kröfu sína við aðferð A í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 5. maí 2017, enda sé fullreynt

með tilraunir til úrbóta líkt og aðferð B taki mið af. Samkvæmt kostnaðaráætlun matsgerðar nemi kröfuliður vegna vinnu, efnis, flutnings og vélar 5.890.000 krónum. Í matsgerð liggja fyrir að stefnendur muni þurfa að leggja út 100 klukkustunda vinnu við lagfæringar á göllum. Viðgerðartími sé áætlaður um fimm vikur og matsmaður hafi talið að stefnendur þyrftu að leggja fram 100 klukkustunda vinnu á framkvæmdatíma vegna verka sem ekki væru metin undir viðgerðaráætlun A. Stefnendum sé nauðsyn að kaupa þá vinnu sem þurfi til og reiknað er með að aðkeypt vinna kosti 7.500 krónur á klukkustund. Sé því gerð krafa um 750.000 krónur vegna þess kostnaðarliðar.

Þá krefjist stefnendur greiðslu á útlögðum kostnaði, sbr. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2003. Gerð sé krafa um greiðslu á útlögðum kostnaði vegna matsgerðar að fjárhæð 900.000 krónur, sem og lögmannskostnaðar sem stefnendur hafi þurft að leggja út fyrir í aðdraganda málshöfðunar þessarar að fjárhæð 980.225 krónur.

Þá krefjist stefnendur greiðslu vaxta af kröfu sinni með vísan til 1. mgr. 8. gr., sbr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Krafast sé dráttarvaxta frá 30. september 2017, þ.e. einum mánuði eftir að lögmaður stefnenda hafi sent stefndu kröfubréf.

Sundurliðast krafa stefnenda samkvæmt þessu með eftirfarandi hætti:

Bætur vegna galla:	kr. 5.890.000,-
Kostnaður vegna vinnu stefnenda:	kr. 750.000,-
Kostnaður við matsgerð:	kr. 900.000,-
Lögmannskostnaður:	kr. 980.225,-
Samtals	kr. 8.520.225,-

Málskostnaðarkrafa stefnenda sé byggð á 129.-131. gr. laga nr. 91/1991, en krafa um virðisaukaskatt sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnendur byggja skaðabótakröfu á 33. gr., sbr. XI. kafla, laga nr. 48/2003, sem og 40. gr. laga nr. 50/2000, auk almennra reglna skaðabótaréttarins. Krafa um vexti byggja á 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Um fyrningarslit kröfunnar vísist til 14. gr., sbr. 20. gr., laga nr. 150/2007. Um aðild og varnarþing málsins vísist til III. og V. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda Húsasmiðjunnar ehf.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. byggja sýknukröfu sína á því að félagið sé ekki réttur aðili til að stefna í málinu. Umræddar vörur sem stefnendur hafi keypti árið 2007 hafi verið keyptar af Holtavegi 10 ehf., félagi með kt. [...], sem hafi nú verið yfirtekið af öðru félagi, stefnda Hömlum ehf., en um þetta sé ekki deilt að mati stefnda.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi reynt að aðstoða stefnendur við að leita réttar síns hvað varði úrbætur á hinni seldu framleiðslu frá stefnda Ideal Combi A/S eftir að stefndi Holtavegur 10 ehf. hafi hætt starfsemi. Komist hafi á samningur milli stefnda

Ideal Combi A/S og stefnenda með aðstoð starfsmanna og lögmanns Húsasmiðjunnar ehf. þess efnis að stefndi Ideal Combi A/S myndi framleiða þrjár nýjar gluggaeiningar og senda menn á sínum vegum til að skipta um einingar og yfirfara alla glugga vorið 2018. Vísist annars til fyrirliggjandi tölvupóstsamskipta aðila um þau samskipti.

Starfsmenn á vegum Ideal Combi A/S hafi verið á landinu á þessum tíma vegna verka þar sem úrbóta var þörf vegna annarra kaupenda er keypt hafi framleiðsluna. Hafi átt að fara yfir alla glugga stefnenda í sömu ferð og skipta út þremur einingum, en um hafi verið að ræða danska starfsmenn er komið hafi á vegum Ideal Combi A/S.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi þannig reynt að aðstoða stefnendur en ekki tekist á hendur ábyrgð á þeim meintu göllum sem upp hafi komið né yfirtekið neinar skyldur söluaðila vörunnar, nú Hamla ehf., þegar hún hafi verið seld hér á landi árið 2007. Stefndi sé því ekki í ábyrgð vegna sölu vörunnar og á þeim meintu göllum er upp hafi komið þar sem annar aðili hafi selt vöruna á sínum tíma. Þá hafi stefndi ekki lýst yfir ábyrgð eða tekist á hendur ábyrgð vegna Holtavegs 10, ehf., nú Hamla ehf., né hafi stefnendur sýnt fram á að slík ábyrgð væri fyrir hendi og því um aðildarskort að ræða.

Kröfur stefnenda séu auk þess fyrndar á hendur stefnda hafi slík krafa stofnast. Stefnendur byggi málsástæður sínar í stefnu á því að um sé að ræða skaðabótakröfur á hendur stefnda byggðar á matsgerð sem lögð sé fram í málinu. Verði því ekki fallist á sýknukröfu stefnda hvað varði aðildarskort þá byggi stefndi einnig á því að hafi kröfur stofnast á hendur stefnda þá séu þær fyrndar. Þá séu allir kvörtunarfrestur liðnir. Ef kröfur stefnenda byggi þannig á því að stefndi hafi með athöfnum sínum viðurkennt bótaskyldu sína í málinu þá sé ljóst að hafi þær verið fyrir hendi þá séu þær nú fyrndar.

Starfsmenn og lögmaður stefnda hafi hlutast til um að aðstoða stefnendur og verið milligönguaðilar þegar stefnendur hafi freistað þess að krefjast úrbóta á hinum seldu gluggum og hurðum. Að mati stefnda hafi komist á samningur milli stefnenda og stefnda Ideal Combi A/S í febrúar 2018 þegar Ideal Combi A/S hafi sent lista yfir atriði sem félagið hafi ætlað að framkvæma til að ráða bót á þeim göllum er fram hafi komið og með að framleiða þrjár nýjar einingar og skipta út fyrir þær sem fyrir voru.

Með athöfnum sínum hvað þetta varði þá telji Húsasmiðjan ehf. að stefndi Ideal Combi A/S hafi viðurkennt að gallar hafi verið fyrir hendi vegna framleiðslunnar sem hafi verið á ábyrgð Ideal Combi A/S, en að öðrum kosti hefði það félag ekki boðist til að endursmíða þrjár einingar og yfirfara alla aðra glugga í fasteign stefnenda. Enda sé það svo að Ideal Combi A/S gefi út 10 ára ábyrgð á framleiðslu sinni eins og m.a. komi fram á heimasíðu fyrirtækisins. Ábyrgð framleiðanda sé því víðtækari en ábyrgð söluaðila og sé ábyrgð framleiðanda víðtæk þar sem um framleiðslugalla sé að ræða.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 14/1905 er í gildi hafi verið þegar kaupin hafi verið gerð þá fyrnist kröfur út af sölu á vörum eða lausafé á fjórum árum. Núverandi lög um fyrningu hafi tekið gildi 1. janúar 2008 og eigi því ekki við um tilvik þetta þar sem

lögskiptin og kaupin hafi átt sér stað á árinu 2007. Fyrningu teljist ekki slitið nema með málsókn eða viðurkenningu af hálfu skuldara. Skilyrði þess að viðurkenning hafi réttaráhrif sé að hún komi fram fyrir lok fyrningarfrests. Þá hafi allir fyrningarfestir verið liðnir þegar stefndi, Húsasmiðjan ehf., hafi hafið rekstur sinn 1. janúar 2012.

Í kröfurétti sé viðurkennt að hægt sé að slíta fyrningu, innan fyrningartíma, með viðurkenningu á kröfum. Um slíkt sé ekki að ræða hvað varði stefnda Húsasmiðjuna ehf. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á aðild stefnda Húsasmiðjunnar ehf. að kaupunum né sýnt fram á að sá stefndi geti borið ábyrgð á þeim viðskiptum aðila sem fram hafi farið fimm árum áður en stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi síðan keypt eignir fyrrverandi rekstraraðila Húsasmiðjunnar ehf., Holtavegs 10 ehf., sem sé nú félagið Hömlur ehf.

Þá vísi stefndi til sjónarmiða um tómlæti og að stefnendur hafi sýnt af sér tómlæti allt frá því að hinn meinti galli hafi komið upp gagnvart stefnda. Stefndi vísi til laga nr. 91/1991, einkum 2. mgr. 16. gr., og til reglna kröfu-, samninga- og skaðabótaréttar. Vísist til laga nr. 14/1905 um fyrningu, laga nr. 50/2000 og laga nr. 48/2003, m.a. er varði kvörtunarfresti. Málskostnaðarkrafa byggja á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda Hamla ehf.

Stefnendur byggja hér á því að um sé að ræða skaðabótakröfur á hendur stefnda sem byggist á framlagðri matsgerð. Með vísan til 3. gr. laga nr. 14/1905, er í gildi hafi verið þegar kaupin voru gerð, þá fyrnist kröfur út af sölu á vörum eða lausafé á fjórum árum. Núverandi lög um fyrningu hafi tekið gildi 1. janúar 2008 og eigi því ekki við um tilvik þetta þar sem lögskipti og kaupin hafi átt sér stað árið 2007. Fyrningu teljist ekki slitið nema með málsókn eða viðurkenningu af hálfu skuldara. Skilyrði þess að viðurkenning hafi réttaráhrif sé að hún komi fram fyrir lok fyrningarfrests. Þá séu allir kvörtunarfrestur liðnir. Þá vísi stefndi til sjónarmiða um tómlæti og að stefnendur hafi sýnt af sér tómlæti allt frá því að hinn meinti galli hafi komið upp gagnvart stefnda.

Stefndi vísi til reglna kröfu-, samninga- og skaðabótaréttar. Vísað sé til laga nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda, laga nr. 50/2000 og laga nr. 48/2003, m.a. hvað varði kvörtunarfresti. Málskostnaðarkrafa byggja á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda Ideal Combi A/S

Stefndi, Ideal Combi A/S, sé danskt fyrirtæki sem framleiði glugga og hurðir. Húsasmiðjan hafi verið söluaðili stefnda á Íslandi sem hafi falist í því að Húsasmiðjan hafi pantað vörur frá stefnda og síðan endurselt þær til viðskiptavina sinna á Íslandi.

Ljóst sé að stefnendur hafi fyrst orðið vör við umrædda meinta galla á gluggum þegar árið 2007. Það sé þó ekki fyrr en í október 2009 að þau virðist fyrst hafa kvartað við Húsasmiðjuna. Þá hafi verið liðin um tvö ár frá því að stefnendur hafi fyrst orðið meintra galla vör og þau í raun þá þegar glatað öllum rétti til að bera fyrir sig galla.

Í stefnu sé lýst tilraunum til lagfæringa en stefndi hafi haft takmarkaða aðkomu þar og þær ekki verið framkvæmdar af starfsmönnum á hans vegum. Vísbendingar séu þá um að þær tilraunir hafi ekki verið gerðar í samræmi við leiðbeiningar stefnda.

Til stuðnings kröfum sínum hafi stefnendur lagt fram tæplega fjögurra ára gamla matsgerð frá því í apríl 2017. Stefndi telji matsgerðina gallaða að mörgu leyti ásamt því að ekki sé hægt að leggja niðurstöðu hennar til grundvallar, sérstaklega þar sem langt sé um liðið síðan matið hafi átt sér stað. Stefnendur hafi lagt fram kröfubréf frá því í ágúst 2017 en hafi þó ekki fyrr en með höfðun málsins beint kröfum að stefnda. Hafi öll samskipti stefnenda beinst að Húsasmiðjunni sem hafi selt þeim gluggana.

Stefndi Ideal Combi A/S vísi til að gert hafi verið samkomulag við stefnendur um lyktir málsins er þau hafi fallist á í október 2018 en síðan neitað að gangast undir. Stefnendur hafi því neitað stefnda að uppfylla samkomulag sem aðilar höfðu þá gert. Óhætt sé að segja að sú afstaða hafi komið mjög á óvart enda þá legið fyrir staðfesting á því að stefnendur hafi samþykkt að ný gerð glugga yrði sett í í stað eldri gerðarinnar. Ljóst sé að stefndi hafi gert allt það sem með réttu hafi mátt ætlast til af honum til að leysa málið farsælega og í raun umfram skyldu. Stefndi telji fráleitt að stefnendur geti neitað efndum samkvæmt samkomulagi aðila og síðan krafist efnda á grunni tæplega fjögurra ára gamallar matsgerðar. Með því að virða ekki umrætt samkomulag og gera stefnda ómögulegt að efna það eigi stefnendur engar frekari kröfur á hendur stefnda.

Rétt sé að geta þess að engin gögn liggja fyrir um ástand umræddra glugga í dag en fyrir liggja að stefndi hafi farið yfir og lagfært stóran hluta glugganna í húsnaðinu í maí 2019. Einungis standi þá eftir þær þrjár einingar sem stefnendur hafi sjálf neitað viðtöku á en einingar þessar séu væntanlega enn í vörslum Húsasmiðjunnar.

Til stuðnings kröfum sínum þá byggi stefnendur á því að umræddir gluggar séu haldnir galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr., laga um neytendakaup nr. 48/2003 og 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í þessum lögum séu gerðar ríkar kröfur til þess að sá sem vilji bera fyrir sig galla haldi án ástæðulauss dráttar fram rétti sínum með tilkynningu til seljanda um gallann. Þannig segi í 27. gr. laga nr. 48/2003 að neytanda beri að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann hafi orðið galla var eða mátt verða hans var. Með sama hætti sé í 32. gr. laga nr. 50/2000 kveðið á um það að kaupandi glati rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynni ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann hafi orðið galla var eða mátt verða hans var í hverju gallinn sé fólgin.

Sé litið til tímalínu málsins sé ljóst að stefnendur hafi verulega vanrækt að halda fram rétti sínum hafi hann á annað borð verið til staðar. Þannig virðist stefnendur fyrst hafa kvartað yfir meintum göllum á gluggunum tæplega tveimur árum eftir að þau hafi fyrst orðið vör við meinta galla. Stefndi telji að þá þegar hafi stefnendur verið

búin að glata rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla á hinu selda. Allar tilraunir stefnda til þess að koma til móts við stefnendur hafi því verið umfram skyldu.

Stefndi telji einnig að stefnendur hafi sýnt af sér verulegt tómlæti er leiða eigi til þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Stefndi telji enn fremur að allar kröfur stefnenda á hendur honum séu fyrndar í samræmi við lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Sérstaka athygli veki að mál þetta sé ekki höfðað fyrr en 13 árum eftir að kaup á umræddum gluggum hafi átt sér stað. Engu að síður sé uppi krafa stefnenda um bætur er jafngildi kostnaði við að setja nýja glugga í umrædda fasteign.

Því sé mótmælt að allir stefndu beri óskipta ábyrgð gagnvart stefnendum. Stefndu séu allir sjálfstæðir lögaðilar sem beri sín réttindi og sínar skyldur. Viðskiptasamband stefnenda hafi verið við Húsasmiðjuna er svo hafi pantað umrædda glugga frá stefnda. Kvörtun stefnenda hafi upphaflega beinst að Húsasmiðjunni sem söluaðila glugganna en stefnendur hafi ekki beint formlegri kröfu að stefnda fyrr en við höfðun máls þessa. Sé þá liðinn sá frestur er stefnendur hafi samkvæmt lögum nr. 48/2003 og nr. 50/2000. Einnig hafi sú 10 ára ábyrgð er stefndi hafi veitt á framleiðslu á þeim tíma verið fallin úr gildi. Stefndi hafi samþykkt að koma til móts við stefnendur með því að samþykkja að greiða hluta lögmanskostnaðar þeirra, skipta um þrjár einingar og yfirfara aðrar í húsinu. Stefndi hafi gert allt er í hans valdi hafi staðið til að standa við samkomulagið en stefndi geti ekki borið ábyrgð á framgöngu annarra stefndu gagnvart stefnendum.

Gera verði hér sérstakar athugasemdir við þá þætti í kröfugerð stefnenda sem lúti að kostnaði við matsgerð og lögmanskostnaði enda rúmist báðir þessir kröfuliðir stefnenda innan þeirrar málskostnaðarkröfu sem stefnendur setja einnig fram í málinu.

Kröfu stefnenda um dráttarvexti sé einnig mótmælt enda liggi ekkert fyrir um það að stefnendur hafi beint fjárkröfu sinni að stefnda fyrr en með höfðun máls þessa.

Rangt sé það sem haldið sé fram í stefnu að stefndi hafi gert ítrekaðar tilraunir til úrbóta. Hið rétta sé að umræddar tilraunir til úrbóta hafi ekki verið framkvæmdar af stefnda eða þá starfsmönnum á hans vegum. Hafi auk þess ekki í öllum þeim tilvikum verið leitað sérstakrar ráðgjafar hjá stefnda um hvernig standa ætti að lagfæringum.

Stefnendur hafi með framferði sínu glatað mögulegum bótarétti vegna meintra galla á gluggum þeim er þau hafi keypt af Húsasmiðjunni og framleiddir hafi verið af stefnda. Með vísan til alls framangreinds beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum. Vísað sé til meginreglna samninga- og kröfuréttar, laga nr. 48/2003 um neytendakaup, nr. 50/2000 um lausafjárkaup, nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og meginreglna um tómlæti, en um málskostnað styðjist stefndi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Málsaðilar deila í málinu að vissu marki um málsatvik og um umfang ætlaðs galla á umræddum gluggaeiningum, er settar voru í hús stefnenda að [...] fyrir áramótin

2006-2007. Um er að ræða framleiðslu danska framleiðandans Ideal Combi A/S sem stefnendur keyptu af Húsasmiðjunni ehf. árið 2006 (nú stefnda Hamla ehf.), en jafnframt er stefnt í málinu núverandi Húsasmiðjunni ehf., sem hefur í reynd annast um alla milligöngu varðandi tilraunir til úrbóta allt frá ársbyrjun 2012. Er ágreiningur á meðal aðila um hver beri ábyrgð á ætluðu tjóni stefnenda vegna galla á gluggaeiningunum, auk þess sem borið er við sjónarmiðum um tómlæti og fyrningu hafi krafa um bætur stofnast vegna galla. Þá ber Húsasmiðjan ehf. við aðildarskorti.

Umdeild málsatvik hafa að mati dómsins skýrst verulega undir rekstri málsins, en aðilaskýrslur í málinu gáfu stefnandi Karl Róbert Þórhallsson og Mikael Søgaaard, framkvæmdastjóri hjá Ideal Combi A/S, en vitnaskýrslur létu í té Thomas W. Hansen, starfsmaður hjá Ideal Combi A/S, Guðmundur J. Kristjánsson, fyrrum starfsmaður Húsasmiðjunnar, Eiríkur Jónsson, verkfræðingur og dómkvaddur matsmaður, Ragnar Baldursson, fyrrum starfsmaður Húsasmiðjunnar, Heimir Jóhannsson, fyrrum starfsmaður Húsasmiðjunnar, Guðmundur Orri Arnarson, er starfaði hjá BÓ smiðum ehf., og Árni Sigurðsson, húsasmiðameistari og byggingastjóri hússins á [...]. Dómarar, þ.á m. sérfróður meðdómandi, sem og lögmenn málsaðila, fóru á vettvang að [...] og kynntu sér ástand hurða og gluggaeininga er deilt er um.

Hvað varðar þá í fyrsta lagi umdeild málsatvik, þá liggur nú fyrir að mati dómsins að umræddir gluggar eru framleiddir af stefnda Ideal Combi A/S eftir máli samkvæmt pöntun í júlí 2006 og þá sendir til gömlu Húsasmiðjunnar, nú Hamla ehf., síðar sama ár, er selja þá aftur til stefnenda, er láta setja þá upp í húsinu að [...] fyrir áramótin 2006-2007. Verða stefnendur síðan smám saman vör við leka og að það nauði í gegnum vissa glugga hússins eftir að þau flytja svo inn í sjálft húsið í lok árs 2007 og svo enn frekar árið 2008, t.d. varðandi rennihurðir. Árið 2009 snúa stefnendur sér til síns viðsemjanda og seljanda vörunnar hérlendis, Húsasmiðjunnar, nú Hamla ehf., vegna hins versnandi ástands og liggur í málinu fyrir skrifleg kvörtun stefnenda til Húsasmiðjunnar, nú Hamla ehf., dags. 10. október 2009. Húsasmiðjan, nú Hömlur ehf., sendir svo tilskilið kvörtunarform til framleiðandans, stefnda Ideal Combi A/S, sem liggur einnig fyrir í málinu, og ber það með sér að vera mótttekið af þeim stefnda 4. júní 2010. Þá liggur óumdeilt fyrir að hér framangreindar úrbætur á gluggakerfinu að [...] eru síðan ítrekað reyndar eftir þetta með hliðsjón af úrbótarétti stefndu, þá fyrst árið 2010 þegar m.a. uppgötvast að tilskildir glerlistar hafi ekki verið settir í frá upphafi, árið 2011 þegar m.a. er kíttað í fölsin, og þá árið 2012 þegar settar voru í aukapakningar, en án varanlegs árangurs. Telur dómurinn það ljóst, m.a. með hliðsjón af vitnisburði Ragnars Baldurssonar, að í öllum tilvikum hafi hið stefnda félag Ideal Combi A/S verið upplýst og einnig verið í samráði um þessar úrbótatilraunir er framkvæmdar voru á vegum stefnda, Hamla ehf., og svo einnig frá

og með árinu 2012, af stefnda Húsasmiðjunni ehf., en viðurkennt er að þessi félög Húsasmiðjunnar komu í reynd fram sem eitt gagnvart stefnendum upp frá því.

Eftir þetta liggur þá fyrir að í ársbyrjun 2015 koma fram tillögur fyrir milligöngu Húsasmiðjunnar ehf. um það að skipta út gluggum sem sérstaklega voru tilgreindir í upphaflegri kvörtun til framleiðandans stefnda Ideal Combi A/S og reyna lagfæringar á öðrum, en gekk ekki saman. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá lögmanni Húsasmiðjunnar ehf., Smára Hilmarssyni, dags. 1. september 2015, um að skipt verði um þá glugga er teljist sýnt að séu gallaðir, og verður að mati dómsins að telja ljóst að lögmaðurinn hafi þá og fram til þess að stefndi Ideal Combi A/S ræður sér sérstakan lögmann í málinu 2019 í reynd komið fram eftir atvikum gagnvart stefnendum fyrir hönd allra stefndu. Að mati dómsins er fallist á að þetta hafi þýðingu fyrir stefnendur gagnvart stefndu, m.a. m.t.t. hinnar óumdeildu 10 ára framleiðsluábyrgðar á vörunni er stefndi Ideal Combi A/S hefur sannarlega auglýst og gildir að þeirra eigin sögn frá afhendingu vörunnar úr verksmiðju til kaupanda, sbr. og yfirlýsingu Mikael Søgaaard fyrir dómi. Bera gögn málsins með sér að frekari úrbótatilraunir með viðgerðum hafi verið ræddar haustið 2015 en stefnendur telja slíkt þá vera fullreynt og fara á árinu 2016 í matsmál og afla matsgerðar, dags. 5. maí 2017, þar sem komist er að því að gluggakerfi hússins teljist gallað. Er þar metinn kostnaður eftir tveimur leiðum við það að skipta því út og í framhaldi senda stefnendur síðan kröfubréf á stefndu í málinu, dags. 30. ágúst 2017.

Eftir þetta tekur þá við sá þáttur málsatvika sem málsaðila greinir einna helst á um, en fyrir liggur að enn reyna þeir að leita samkomulags um lausnir á vormánuðum 2018, sbr. fyrirbyggjandi samskipti í tölvupóstum, sem einkennast af því að lögmaður Húsasmiðjunnar ehf., og Hamla ehf., hefur þá milligöngu á milli stefnenda og stefnda Ideal Combi A/S. Verður, eftir því sem næst verður komist, úr að stefndi Ideal Combi A/S lætur, vísast í maí 2018, framleiða þrjár nýjar einingar en með sama prófíl og þær eldri til að setja í hús stefnenda að [...] í samráði við Húsasmiðjuna ehf. Ekkert varð hins vegar úr eftirfylgni þess að þessar einingar yrðu settar í húsið eftir að þær bárust hingað til lands og eru ástæður þess ekki fyllilega upplýstar að mati dómsins. Fundust þessar einingar raunar ekki fyrir en fulltrúar stefnda Ideal Combi A/S komu loks hingað til lands vorið 2019 í tengslum við önnur verkefni. En mestu varðar að þá höfðu aðilar óumdeilt gert nýtt samkomulag, sem stefndi Ideal Combi telur hafa legið fyrir október 2018, en lá í öllu falli fyrir í mars 2019, til þess að ljúka málinu þannig að stefnendur myndu fá þrjá nýja glugga úr prófílum af nýrri gerð frá stefnda Ideal Combi A/S, auk þess að gert yrði við aðra glugga og greiddur viss lögmannskostnaður stefnenda, sem var gert af hálfu Ideal Combi A/S, en Húsasmiðjan ehf. varðveitir féð.

Það næsta sem liggur fyrir er að þegar fulltrúar stefnda, Ideal Combi A/S, vitnin Thomas W. Hansen og Guðmundur Orri Arnarson, koma að [...] í maí 2019, hafði þar ekkert verið gert til þess að undirbúa komu þeirra eins og a.m.k. framkvæmdastjóri

Ideal Combi A/S, Mikael Søggaard, hafði vænst m.t.t. þess að hann kveðst þá hafa verið búinn að senda Húsasmiðjunni ehf. nýju prófílana til ísetningar og félögin ákveðið dagsetningu fyrir verkið. Framburður starfsmannanna tveggja ber hins vegar með sér að þeir hafi þá farið með fremur stuttum fyrirvara að [...] eftir að hafa lokið öðru verkefni í Borgarfirði fyrr en til stóð, framkvæmt þar vissar úrbætur og síðan farið þaðan, en í ferðinni fundið í Húsasmiðjunni á Akureyri, fyrir tilviljun, hina gömlu gluggaprófila frá 2018, þar sem einn hafi reynst vera skemmdur, a.m.k. rispaður. Verður að telja óupplýst hvort nýju gluggaprófílarnir hafi yfirleitt borist til Íslands eða til Akureyrar eða hver beri ábyrgð á þeim misbresti. Ásaka stefndu hver annan um vanefndir tengt þessari framkvæmd samkomulagsins um lyktir málsins frá því í mars 2019, og er mál þetta síðan höfðað af stefnendum með birtingu stefnu árið 2020. Hafa sættir með aðilum áfram verið reyndar hér fyrir dómi en þó án árangurs.

Sem að framan greinir þá fóru dómamar og lögmenn á vettvang að [...]. Var sú skoðun á gluggum og hurðum þar að mati dómsins til þess fallin að styrkja þær staðhæfingar er koma fram í matsgerð, dags. 5. maí 2017, að allar umræddar einingar þar sem framleiddar voru af stefnda, Ideal Combi A/S, og þá keyptar af stefnendum hjá eldri Húsasmiðjunni, nú Hömlum ehf., og settar í húsið fyrir áramót 2006-2007, hafi verið gallaðar frá upphafi m.t.t. þeirra aðstæðna sem þeim var ætlað að duga í, þ.e. þær höfðu þegar á reyndi ekki þá eiginleika sem kaupendur máttu vænta hvað varðar endingu, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. og 17. og 18. gr. laga nr. 50/2000. Vekur þá athygli að ekkert liggur fyrir um áskilið þrýstipróf á gluggunum.

Verður umrædd matsgerð Eiríks Jónssonar, dags. 5. maí 2017, sem hann staðfesti og gerði frekari grein fyrir hér fyrir dóminum, því í öllum atriðum lögð til grundvallar hvað varðar umfang umræddra galla og kostnað við úrbætur, sbr. þar leið A, enda liggur fyrir að matsgerðinni hefur ekki verið hnekkt. Dómurinn sem m.a. er skipaður sérfróðum meðdómsmanni tekur undir með matsmanni að gluggarnir hafi verið óþéttir við hornsamsetningar áframmana í ytri hluta glugganna og opnanlegum fögum ásamt því að áframmar í ytri hluta glugganna liggja ekki nægilega þétt að timburhlutanum. Þá telur dómurinn að ekki skipti hér máli að formleg kvörtun stefnenda hafi í upphafi einkum beinst að þremur einingum í ljósi þess að síðar hefur komið í ljós að um kerfisbundinn galla er að ræða í öllum umræddum glugga- og hurðaeiningum hússins að undanskildum ÚH1 og ÚH2, eins og matsgerðin hefur leitt í ljós.

Hvað varðar varnir stefndu, þá liggur fyrir að ekki verður séð að aðkoma stefnda Húsasmiðjunnar ehf., þ.e. „nýju“ Húsasmiðjunnar sem til varð í ársbyrjun 2012, hafi í málinu falist í öðru en hagsmunagæslu fyrir gömlu Húsasmiðjuna, nú Hömlur ehf., og í milligöngu á milli stefnenda og framleiðandans, stefnda Ideal Combi A/S. Að öðru leyti verður ekki staðreynt að Húsasmiðjan ehf. hafi í ferlinu skuldbundið sig til að bæta tjón vegna umræddra galla. Telur dómurinn því að sýkna verði Húsasmiðjuna

ehf. af dómkröfum stefnenda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Ber þá að geta sérstaklega að það sem kann að hafa farið úrskeiðis í samskiptum þess málsaðila og stefnda Ideal Combi A/S í tengslum við framkvæmd samkomulags um lausn málsins árið 2019 getur hér í öllu falli ekki skert rétt stefnenda gagnvart stefndu.

Hvað varðar hins vegar stefnda Hömlur ehf., sem rak Húsasmiðjuna á þeim tíma sem stefnendur keyptu umræddar einingar, þá beinist krafa stefnenda í máli þessu að þeim aðila sem óumdeildum seljanda hinnar gölluðu vöru og er bótaábyrgð þess félags innan samninga að mati dómsins því ótvíræð með hliðsjón af ákvæðum IV. kafla laga nr. 48/2003, sem og almennum reglum fjármunaréttarins, enda byggja varnir stefnda Hamla ehf. í málinu aðeins á mögulegri fyrningu þeirra krafna stefnenda eða tómlæti, en þessi málsaðili virðist að öðru leyti gangast við bótaábyrgð gagnvart stefndum. Verður vikið sérstaklega að sjónarmiðum um fyrningu og tómlæti í málinu hér á eftir.

Hvað varðar þá loks framleiðanda glugganna, stefnda Ideal Combi A/S, þá er að framansögðu ljóst í málinu að sá stefndi gaf út ábyrgðaryfirlýsingu til allt að 10 ára til þeirra sem keyptu umræddar gluggaeiningar og verður að líta svo á að sú yfirlýsing félagsins hafi náð til allra neytenda er keyptu umrædda vöru. Ljóst virðist af gögnum málsins að varan hafi verið pöntuð hingað til lands í júlí 2006 og er einnig ljóst, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, að almennur tilkynningafrestur þeirra laga um galla eigi þá ekki við þegar um slíka frekari ábyrgðaryfirlýsingu framleiðandans er að ræða.

Að mati dómsins þykir því ljóst að stefndi, Ideal Combi A/S, ber skaðabótaábyrgð innan samninga gagnvart stefndum á grundvelli fyrrgreindrar óumdeildrar 10 ára ábyrgðaryfirlýsingar hans, sem framleiðanda umræddrar vöru, sem líta verður svo á að stefndu hafi virkjað með upphaflegri kvörtun sinni um galla til stefnda, „gömlu“ Húsasmiðjunnar, nú Hamla ehf., þá þegar haustið 2009, en ætla verður, sem að framan greinir, að sá stefndi hafi svo gert framleiðandanum Ideal Combi A/S viðvart fljótlega þótt kvörtunarformið hafi ekki verið fyllt út fyrr en 28. maí 2010. Verður ekki séð að stefndi Ideal Combi A/S hafi borið því hér við að þessi kvörtun stefnenda hafi ekki verið réttmæt eða að um hafi verið að ræða tilvik sem falli ekki undir framangreinda óumdeilda ábyrgðaryfirlýsingu þess. Sýnt þykir að stefndi Ideal Combi A/S hafi þvert á móti, í samstarfi við Húsasmiðjuna ehf., ítrekað leitast við það í öllu ferlinu að bæta úr göllum á gluggaeiningunum og tjóni stefnenda með því að láta í té leiðbeiningar, efni og mannskap til úrbóta, allt fram til vorsins 2019 þegar síðustu úrbótilraunir misfórust. Byggja varnir þessa stefnda nú einkum á því að gert hafi verið umrætt samkomulag um lyktir málsins við stefnendur, sem þessi stefndi hafi efnt eins og unnt hafi verið, en auk þess er af hans hálfu vísað til sjónarmiða um fyrningu og tómlæti.

Hvað varðar þá hið ætlaða samkomulag aðila er stóð til að framkvæma vorið 2019 má segja að þar hafi átt sér stað síðasta tilraun af nokkrum til úrbóta er fór úrskeiðis. Verður sem fyrr segir ekki fallist á það með stefnda, Ideal Combi A/S, að sýnt hafi

verið fram á það að stefnendur hafi þar með nokkrum hætti vanefnt samkomulag aðila heldur virðist þar fremur vera um að ræða e.k. misskilning í samskiptum stefndu, fyrir milligöngu Húsasmiðjunnar ehf., sem stefnendur geta hér að réttu lagi ekki verið látin bera nokkra ábyrgð á. Er því að mati dómsins allskostar ósannað að stefnendur hafi árið 2019 vanefnt samkomulag aðila um úrbætur þegar starfsmenn á vegum stefnda Ideal Combi A/S hugðust að sögn framkvæma umsamdar úrbætur á göllum en hurfu af vettvangi án þess að slíkt næði fram að ganga með viðunandi hætti fyrir stefnendur.

Hvað varðar þá sjónarmið um fyrningu og tómlæti hvað varðar kröfu stefnenda, sem bæði stefndu Ideal Combi A/S og stefndi Hömlur ehf. vísa hér til, þá gildir varðandi lagaskil að taka beri mið af stofnun kröfunnar, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007. Ber þá að mati dómsins að miða við það að krafa stefnenda um skaðabætur innan samninga vegna galla á hinu selda hafi í fyrsta lagi getað orðið til og orðið gjaldkræf þegar stefnendur máttu fyrst gera sér grein fyrir umræddum göllum. Í allra fyrsta lagi gæti það verið eftir ísetningu gluggaeininganna í húsið, sem mun hafa verið í kringum áramót 2006-2007, en færa má fyrir því gild rök að upphafstímamark fyrningar teljist að réttu lagi fremur hafa verið síðla á árinu 2007 þegar stefnendur höfðu flutt inn í húsið, en af hálfu stefnenda sjálfra er í málinu vísað til þess að þá hafi byrjað að bera á vandamálum sem lýstu sér bæði í vatns- og loftleka meðfram gluggum og hurðum. Hvort sem miðað yrði við fyrra eða síðara tímamarkið þá gilda um fyrningu kröfunnar lög nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og var almennur fjögurra ára fyrningarfrestur um bætur fyrir galla, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905 og með síðari breytingum, sem þá giltu, í öllu falli hér ekki liðinn þegar fyrsta úrbótatilraun stefndu gagnvart stefnendum vegna umræddra galla átti sér stað árið 2010 og svo með reglubundnum hætti síðan árin 2011 og 2012, svo með yfirlýsingu árið 2015 af hálfu stefndu um rétt þeirra og loks með samkomulagi sem komst á eigi síðar en vorið 2019. Allt framangreint þykir að mati dómsins vera nægileg viðurkenning stefndu til þess fallin að rjúfa fyrningarfrest slíkrar kröfu um bætur fyrir galla, sbr. 6. gr. laganna. Þá verður í þessu sambandi einnig að líta svo á að í þessum síðustu lögskiptum aðila hafi stefndi Húsasmiðjan ehf. komið fram fyrir hönd nú Hamla ehf., og einnig eftir atvikum fyrir hönd stefnda Ideal Combi A/S. Er þá til þess að líta að starfsmenn Hamla ehf. og svo síðar Húsasmiðjunnar ehf. virðast á öllum stigum málsins hafa verið í sambandi og haft virkt samráð við starfsmenn Ideal Combi A/S um úrbótatilraunirnar og svo síðar við gerð samkomulags aðila á árunum 2018-2019. Telur dómurinn því kröfu stefnanda á hendur stefndu Ideal Combi A/S og Hömlum ehf. vera ófyrnda.

Að sama skapi telur dómurinn að sjónarmið stefndu um tómlæti geti ekki átt hér við, en sem rakið er að framan þá sneru stefnendur sér að stefnda Hömlum ehf. þegar árið 2009 er umræddur galli tók á sig frekari mynd og sá aðili gerði síðan stefnda Ideal Combi A/S viðvart um þær kvartanir árið 2010. Sem fyrr segir þá telur dómurinn að

ekki sé tækt að stefnendur verði látnir bera halla af því að samskipti þeirra við Ideal Combi A/S fóru jafnan fram í gegnum Hömlur ehf., og svo síðar Húsasmiðjuna ehf. Verður þá ekki fallist á að stefnendur hafi farið á svig við þann áskilnað að hafa ekki tilkynnt um umrædda galla án ástæðulauss dráttar, enda er hér um að ræða söluhlut er ætla verður að falli undir það skilyrði að eiga að hafa lengri endingartíma en almennt er áskilið, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, og miðar við fimm ára tilkynningarfrest, auk þess sem sá tilkynningarfrestur gildir ekki þegar framleiðandi vörunnar hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Með vísan til alls framangreinds er því hér fallist á það að stefndu, Ideal Combi A/S og Hömlur ehf., verði dæmdir óskipt (*in solidum*) til að greiða stefnendum þann hluta dómkröfu þeirra sem er vegna sannaðs tjóns sem leitt hefur af galla, með hliðsjón af því að kröfur á hendur þessum aðilum eigi rót sína að rekja til sömu atvika, sbr. 19. gr. laga nr. 91/1991, þó svo að ábyrgðargrundvöllurinn sé ekki allskostar sá sami, eins og að framan greinir. Liggur fyrir af sundurliðun kröfugerðar stefnenda að þessi hluti af dómkröfu þeirra eru þá alls 6.640.000 krónur vegna kostnaðar við úrbætur samkvæmt leið A í matsgerð dómkvaddis matsmanns, en ekki er tölulegur ágreiningur um þessa fjárhæð. Þá verður fallist á vaxta- og dráttarvaxtakröfu stefnenda af þeirri fjárhæð, þar á meðal upphafstímamark hennar sem á sér stoð í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, en kröfubréfi á grundvelli matsgerðar var beint 30. ágúst 2017 til lögmanns er gætti á þeim tíma hagsmuna allra hinna stefndu, en a.m.k. telst annað vera ósannað.

Hvað varðar síðan sérstaka kröfu af hálfu stefnenda um 980.225 krónur í útlagðan lögmannskostnað, sbr. 52. gr. laga nr. 48/2003, sem innifalin er í stefnufjárhæð, þá er að mati dómsins ekki nægilega rökstutt af hálfu stefnenda hvernig skilyrði þess ákvæðis eru hér uppfyllt og fellur hún að mati dómsins saman við almenna kröfu stefnenda um málskostnað í málinu. Sama gildir enn fremur um kröfu stefnenda um 900.000 króna kostnað vegna matsgerðar, sem einnig er innifalin í stefnufjárhæð, en verður hér tekin til umfjöllunar í tengslum við ákvörðun málskostnaðar.

Með hliðsjón af þessum úrslitum í málinu þá verða stefndu, Hömlur ehf. og Ideal Combi A/S, einnig dæmdir til þess að greiða stefnendum óskipt málskostnað, og þykir hæfilega ákveðinn 4.000.000 krónur vegna lögmannskostnaðar, og er það að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Ekki liggja fyrir gögn eða upplýsingar um annan útlagðan kostnað stefnenda, þ.m.t. vegna matsgerðar. Þótt óumdeilt megi teljast að stefnendur hafi borið einhvern kostnað af öflun matsgerðar liggur ekki fyrir hver fjárhæð hans var, en málgögn benda til að fjárhæðin gæti hafa verið mun lægri en greinir í stefnu. Er því ekki unnt að taka hér mið af kostnaði vegna matsgerðar við ákvörðun málskostnaðar. Við ákvörðun málskostnaðar er heldur ekki litið til greiðslu á 900.000 krónum af hálfu stefnda Ideal Combi A/S sem upplýst var við málflutning

að hafi legið á reikningi Húsasmiðjunnar ehf. frá árinu 2019 eða fyrr enda hefur sú greiðsla ekki skilað sér til stefnenda eins og fram kom við munnlegan málflutning.

Rétt þykir þá með hliðsjón af atvikum öllum að málskostnaður á milli stefnenda og stefnda Húsasmiðjunnar ehf. verði hér látinn niður falla.

Mál þetta flutti fyrir stefnendur Steinbergur Finnbogason lögmaður, fyrir stefndu Húsasmiðjuna ehf. og Hömlur ehf. flutti málið Smári Hilmarsson lögmaður, en fyrir stefnda Ideal Combi A/S flutti málið Hannes J. Hafstein lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn sem dómsformaður, ásamt Hildi Briem héraðsdómara og Ásmundi Ingvarssyni byggingarverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi Hömlur ehf. og stefndi Ideal Combi A/S greiði stefnendum, Karli Róbert Þórhallssyni og Jóhönnu Elínu Halldórsdóttur, óskipt 6.640.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 5. maí 2017 til 30. september 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu, Hömlur ehf. og Ideal Combi A/S, greiði stefnendum enn fremur óskipt alls 4.000.000 krónur í málskostnað.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. er sýknaður af dómkröfum stefnenda í máli þessu.

Málskostnaður á milli stefnenda og stefnda Húsasmiðjunnar ehf. fellur niður.

Pétur Dam Leifsson (sign.)

Hildur Briem (sign.)

Ásmundur Ingvarsson (sign.)